

Reglur Fjarðabyggðar um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts

1. grein

Að lokinni árlegri álagningu fasteignaskatts er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum í sveitarfélaginu, þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum.

2. grein

Styrkir skulu eingöngu veittir almennum félögum sem hafa með höndum einhverja þá starfsemi sem getið er í 1. grein. Viðkomandi fasteign skal vera notuð fyrir þá starfsemi en ekki rekstur eða starfsemi í ágóðaskyni. Skilyrði er að viðkomandi félag sé skráður eigandi viðkomandi fasteignar eða handhafi þinglýst húsaleigusamnings til a.m.k. eins árs, og að í samningnum komi fram að félagið skuli greiða fasteignagjöld af hinu leigða húsnæði. Veittur styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem svarar 90% af álögðum fasteignaskatti. Sé húsnæðið að öllu leyti í fastri útleigu fyrir aðra starfsemi en þá sem tilgreind er í 1. grein verður styrkur ekki veittur. Eingöngu er um að ræða styrki til greiðslu fasteignaskatts en ekki fasteignatengdra gjalda.

3. grein

Umsóknir um styrki skulu berast bæjarráði sem tekur þær til umfjöllunar og afgreiðslu. Samþykkt bæjarráðs hverju sinni gildir fyrir álagningarárið. Umsókn skal fylgja rekstraryfirlit og greinargerð um starfsemi í viðkomandi húsi á næst liðnu ári. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, sé hann veittur.

4. grein

Við samþykkt útgjalda til styrkja skal þess gætt að um sé að ræða ráðstöfun í samræmi við fjárhagsáætlun eða að fjármögnun sé vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar, sbr. 61.gr. og 62.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

5. grein

Reglur þessar sem samþykktar eru í bæjarstjórn Fjarðabyggðar eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum og með vísan til 7.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 15. desember 2009